


HAUSTSÝNINGIN OPNUÐ Í KVÖLD




Nokkur verkanna á haustsýningunni í Listamannaskólanum. (Tímamynd Bj. Bj.).

TELJA SABINN STERK-ASTAN OG ÖRUGGASTAN

KJ-Reykjavík, þriðjudag.
— Fyrst og fremst þarf að hafa ökuleyfi, þá hæfni og sjáfast en ekki sízt góðan bíl, til þess að geta tekið þátt í kappakstri, sagði Erik Carlsson sænska kappaksturs-
hetjan er fréttamenn ræddu við

hann og konu hans Pat Moss í dag, en frúin er líka kappaksturshetja af ensku bergi brotin.

— Eg byrjaði að taka þátt í kappakstri árið 1947 og þá á mót-
orhjóli, 1952 ók ég í einum kapp-
Framhald á bls. 15.



F. v. Erik Carlsson, Pat Moss, Sveinn Björnsson og Lennart Westling sölustjóri SAAB sem er hér í fylgd með kappaksturs-
hjónumum. (Tímamynd: Kári)

GBE-Reykjavík, þriðjudag.

Hin árlega haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna opnar í Listamannaskólanum kl. 20.30 annað kvöld. Sýna þar 35 íslenskir myndlistarmenn, en gestur félagsins að þessu sinni er færeyski list-
málarinn Ingálfrur af Reyni, og sýnir hann fjögur málverk.

Alls eru verkin á sýningunni 65 talsins, málverk, grafíkmyndir, höggmyndir og listvefnaður. Þátt-
takendur sýningarinnar eiga frá einu upp í sex verk. Ungur lista-
maður, Ólafur Gíslason, sem stund
að hefur nám við listaháskólann í Kaupmannahöfn, sýnir nú í fyrsta
skipti á vegum félagsins, og á
hann þarna 6 grafíkmyndir. Að-
rir, sem þarna sýna í fyrsta skipti
eru Ragnheiður Jónsdóttir, Mattea
Jónsdóttir, Kristín Eyfells, Sigríð-
ur Björnsdóttir og Sigurjón Jó-
hannsson.

Verkin á sýningunni eru afar
fjölbreytt, þar eru geometískar
myndir, abstraktmálverk, landslags
myndir o.fl. Höggmyndirnar eru
margar ærið nýstárlegar og
skemmtilegar. Gefur sýningin
góða heildarmynd af vinnubrögð-
um listamanna í dag.

S. þ. sett í gær Allsherjarþing

NTB-New York, 20. september.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóð-
anna var sett í kvöld í 21. sinn og
eiga nú 117 ríki fulltrúa á þing-
inu. Afganistan-fulltrúi var kjör-
inn forseti þingsins með sam-
hljóða atkvæðum.

Sagt var í dag, að lýkur væru
til, að Johnson, Bandaríkjafor-
seti flytti ræðu á þinginu ein-
hvern tíma á fyrri hluta þess.

45 MÁLVERK OG VATNS-LITAMYNDIR Á UPPBOÐI

GBE-Reykjavík, þriðjudag.

Fyrsta listmunauppbóð Sigurðar
Benediktssonar á þessum vetri fer
fram í Súlnasal Hótel Sögu á



RÚSSNESKIR LISTAMENN KOMA OG SÝNA Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

GB-Reykjavík, þriðjudag.

Hópur rússneskra listamanna
kemur hingað til lands í vikunni
á vegum Péturs Péturssonar og
skemmtir í Þjóðleikhúsinu á
sunnudag. Í hópnum eru átta ung-
ir listamenn af ýmsu tagi, dans-
arar, söngvarar, hljóðfæraleikarar,
fílmleikamenn og einn bráðsnjall
látbragðsleikari, sem sjálfur Marc

el Marceau hefur borið lof á. Fólki
þetta hefur þegar ferðast víða um
heim og eftir blaðaskrifum að
dæma eru þetta engir meðalmenn
í list sinni. Þeirra á meðal eru
dansararnir hér á myndinni, Ljúd-
mila Afanaséva og Anatóli Grigor-
iev, sem sýna þjóðdansa.

VITNI VANTAR

HZ-Reykjavík, þriðjudag.

Allharður árekstur varð á mót
um Grenásveg og Miklubrautar
klukkan 12 á hádegi s. l. laugar-
dag. Lentu þar saman Moskovitsj
og vörubíreið og lögregluna vant
ar vitni að atburðinum. Biður hún
þá, sem sáu atburðinn, að hafa
samband við sig.

Fréttir af landsbyggðinni

34500 fjár slátrað á Húsavík.

ÞJ—Húsavík,
Slátrun hófst hjá Slátruhúsi
Kaupfélags Þingeyinga á fimmtu
dag. Áætlað er, að á þessu hausti
verði slátrað hér um 34500 fjár,
eða um 1300 fleira en í fyrra.
Búið er við, að slátrað verði 1200
fjár að jafnaði á dag. Stórgripa-
slátrun hefst að lokinni sauð-
fjárslátrun, en ekki er vitað, hve
mikið hún verður.

Léleg kartöfluuppskera

SG—Miðfelli,
Kartöfluuppskera verður hér í
Hreppum með allra lélegasta móti,
eins og víðar á landinu. Nætur
frost komst nýlega í 5 stig og féllu
þá síðustu grös. Verður uppskera
trúlega þreföld miðað við útsæði.

30 íbúðir í smíðum

KBG-Stykkishólmur,
Í sumar hefur mikið verið unn-
ið við byggingar hér í Stykkis-

hólmi. Segja menn, að byggingar-
æði hafi gripið fólk, en um 30
íbúðir munu nú vera í smíðum.
Margt fólk flytur nú til staðarins
og margir stofna heimili, svo þörf
in fyrir húsnæði hefur verið fyr-
ir hendi. Er einsdæmi, hve mikið
er byggt hér um þessar mundir.

Í haust verður ráðizt í byggingu
nýs félagsheimilis hér og á það
að koma í stað gamla samkomu-
hússins, sem er orðið algjörlega
ófullnægjandi.

Bygging dráttardrautar hér er
hálfnuð, en ekkert hefur verið
unnið við hana í sumar. Verður
trúlega ekkert unnið við hana í
vetur.

Engin síld

KV-Vopnafirði,
Engin síld hefur borizt hingað
í nokkurn tíma og eru menn að
vonum óánægðir yfir því að hafa
margmilljón króna fyrirtæki í
gangi og láta hirða síldina við
nefið á sér. Hér hefur verið salt

að í 4—5000 tonnur hjá fjórum
stöðvum.

Hákarlaveiði var stunduð hér
að vanda framan af sumri og
gekk vel. Veiddust um það bil 15
hákarlar á bát til jafnaðar. Fást
130 krónur fyrir hvert kíló, en
góður hákarl er um 120 kg. Há-
karlinn er verkaður hér á staðn
um.

Enn er unnið hér í hafnarbygg-
ingunni og er farið að nota nýju
bryggjuna. Bryggjuhausinn á að
verða 50 metra langur og eru 30
metrar komnir af honum. Í fram-
tíðinni á að byggja hér hafnar-
garð, sem verður hið mesta mann-
virki.

Verið er að ljúka við skólabygg-
ingu, sem taka á í notkun í haust.
Bæstast þá við fjórar kennisstof-
ur, en möguleikar eru á stækkun.

Hagkaup á Egilsstöðum

HA-Egilsstöðum,
Fyrirtækið Hagkaup í Reykja-
vík opnaði nýlega útibú hér á
Egilsstöðum. Tók það til þess á

morgun, miðvikudag, kl. 17. Er
hér um að ræða 45 málverk og
vatnslitamyndir, og verða þau til
framhald á bls. 15.

Uppspera dágóð

Stjas-Vorsabæ,
Kartöfluuppskera er dágóð hjá
mörgum þeim bændum sem settu
snemma niður í sendinn jarðveg,
en uppskera í moldargörðum er
viðast hvar mjög léleg, eða svo
lítilfjörleg, að sumir bændur hafa
við orð, að taka ekki upp úr
görðunum.

Vegagerð í Lóni

AA-Höfn.
Undanfarið hefur verið unnið að
vegagerð úr Lóni og áleiðis til
Kollumúla og Víðidal. Á sunnu-
dag fyrir viku var svo í fyrsta
sinn farið á jeppum inn á Kjarr-
dalsheiði og allt inn að Illakambi
hjá Kollumúla. Á þessu ári var
veitt nokkuð fé úr fjallvegastjóði
til þessara framkvæmda og hef-
ur það verið notað til hins ítrasta
og hafðist með því að gera jeppa
færa áður nefnda leið.

Mikið vantar á að hér sé um

varanlegan framtíðarveg að ræða,
en þessi byrjun spár góðu um
það að lengra verði fram haldið
til þess að gera þessa hrikalegu
en jafnframt fallegu leið greið
færari.

Fyrir nokkrum árum tók af
göngubrúna á Jökulsá við Kollu-
múla, og hefir síðan verið notast
við gamla kláfferju, til þess að
fara þar yfir. Þetta er að sjálf-
sögðu mjög bagalegt fyrir bændur
í Lóni, sem eiga fé í Kollumúla
og Víðidal, og einnig eru ferða-
menn, sem fara þessa leið mjög
illa settir með að koma hestum
þarna yfir, því að Jökulsáin er oft
það vatnsmikil í hitum að sumri
til að illfært er að ríða hana. Því
er það von þessara manna að
göngubrúin verði endurbyggð,
sem fyrst. Er þess þá og að vænta
að ferðamannastraumur aukist
mjög um þessar fáséðu fjalla-
byggðir.

Framkvæmd þessarar vegalagn-
ingar hafði Hafsteinn Jónsson
vegaverkstjóri með höndum, og
var notuð ein jarðýta. Aðstaða
var víða mjög erfið fyrir ýtuna,
og kvað verkstjórnin oft hafa
verið teft á tæpa vafið. Þess
þess má geta að Kjarrdalsheiði
er í um 700 metra hæð yfir sjávar-
armáli.